

sept. 1862 Þorsteinsdóttir prests á Vogsósum og Þóroddsstað f. 15. nóv. 1809 d. 13. okt. 1865 Jónssonar. Börn: Axel Blöndal, Laufey og Sigrún.

5a Axel Blöndal Hauksson f. í Rvík 11. febr. 1964.

5b Laufey Hauksdóttir f. í Rvík 31. maí 1966.

5c Sigrún Hauksdóttir f. í Rvík 12. jan. 1968.

2c Björn Gunnlaugsson Blöndal f. í Flatey á Breiðafirði 19. sept. 1865 d. á Siglufirði 27. sept. 1927. Læknir. Stúdent í Rvík 4. júlí 1885, cand. med. 28. júní 1889. Settur aukalæknir í Þingeyjarþingi austan Jökulsár og sat fyrst á Raufarhöfn, en frá 1892 á Sævarlandi í Pistilfirði, starfandi læknir á Blönduósi 1899, settur 6. apríl 1900 og skipaður 15. maí 1901, héraðslæknir í Miðfjarðarhéraði frá 1. júní að telja, skipaður að nýju 27. okt. 1908 eftir breyttri læknaskipun 1907, lausn 28. júlí 1915 frá 1. sept. að telja. Sat á Hvammstanga. Fluttist til Rvíkur 1915 og síðar til Siglufjarðar. Þýddi ýmsar erlendar bækur. (Læknatal 166–167). K. (21. júlí 1888) Sigríður f. í Rvík 16. marz 1865 d. 25. jan. 1945 Möller. (Mbl. 15. marz 1940 og 7. febr. 1945). For. Carsten examen juris í Khöfn Möller og Ingibjörg Einarsdóttir síðar kaupmanns í Rvík Jónassonar (Jónassens). Börn: Sophus Auðunn, Kristjana, Gunnlaugur Pétur, Sveinbiörn Helgi, Sigríður og Magnús.

3a Sophus Auðunn Björnsson Blöndal f. í Rvík 5. nóv. 1888 d. á Siglufirði 22. marz 1936. Kaupmaður á Siglufirði. Við nám í Verzlunarskóla Íslands 1907–1908 og í Khöfn 1912–1913. Formaður Síldarútvegsnefndar. Ræðismaður Þjóðverja. K. (1. júlí 1916) Ólöf Þorbjörg f. á Siglufirði 10. des. 1894 d. 26. maí 1976 Hafliðadóttir. (Mbl. 3. júní 1976). For. Hafliði hreppstjóri og oddviti á Siglufirði f. 2. des. 1852 d. 12. apríl 1917 Guðmundsson og k. h. (9. apríl 1880) Sigríður f. 5. maí 1855 d. 14. okt. 1932 Pálsdóttir þurrabúðarmanns í Pálsbæ á Seltjarnarnesi Magnússonar. Kona Páls var Oddrún Jónsdóttir frá Sogni í Ölfusi, en Magnús var sonur Páls kembara

Pórðarsonar, er bjó í Holti í Þingholtum og vann hjá Innrétt-
ingunum, en margt tóskaparkvenfólk er komið frá honum.
For. Hafliða: Guðmundur bóndi á Brunnastöðum á Vatns-
leysuströnd og síðar í Stöðlakoti í Rvík f. á Þyrli í Hvalfirði
1817 d. í Rvík 29. apríl 1876 Guðmundssonar og k. h. (28. maí
1844) Ragnheiður f. í Laxárnesi í Kjós 16. ágúst 1817 d. í
Kasthúsum í Rvík 8. júní 1866 Þorsteinsdóttir stúdents og
bónda 7 ár í Laxárnesi Guðmundssonar. (Fhálsætt II 407–
420). Ólöf lauk prófi frá Kvennaskólanum í Rvík 1914, prófi
frá húsmæðradeild Kvennaskólans 1914–1915 og stundaði
handavinnunám 1915–1916. Handavinnukennari við
barnaskólann og gagnfræðaskólann á Siglufirði 1936–1941
og Húsmæðraskóla Rvíkur 1941–1961. (Kenntal II 38). Börn:
Sigríður og Sveinbjörg Helga.

- 4a Sigríður Sophusdóttir Blöndal f. á Siglufrói 22. des. 1917.
Próf frá Verzlunarskóla Íslands 1936. M. I (17. maí 1939)
Allan Erlandson síldar kaupmaður í Gautaborg, sænskrar
ættar. Þau skildu. Börn: Bryndís Gunilla, Gunnar Olof
Sophus og Sigrún Agnes María.
- 5a Bryndís Gunilla Erlandson f. í Gautaborg 1. júlí 1941. Stúd-
ent í Noregi. M. (1962) Erik Borgen frá Bergen. Sonur:
Thomas.
- 6a Thomas Borgen f. 21. júní 1969.
- 5b Gunnar Olof Sophus Erlandson f. í Gautaborg 5. okt. 1944. K.
(í júní 1969) Catharine Wigelius frá Gautaborg. Börn: Char-
lotte Sigríður, Camilla Margaretha og Sophus Carl Chirster.
- 6a Charlotte Sigríður Broberg Erlandson f. 19. jan. 1971.
- 6b Camilla Margarethe Broberg Erlandson f. 27. febr. 1974.
- 6c Sophus Carl Chirster Broberg Erlandson f. 9. ágúst 1980.
- 5c Sigrún Agnes María Erlandson f. í Gautaborg 6. marz 1946.
M. Anders Gustavsson frá Gautaborg. Börn: Agnes Jessica
og Joel Andreas.
- 6a Agnes Jessica Gustavsson f. 21. júní 1975.